



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

### Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarholti og Úlfarsárdal

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjölmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjálagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarholti og Úlfarsárdal sem send er íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari

Hjálagt:  
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarholti og Úlfarsárdal

## Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarholti og Úlfarsárdal 2. mars 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í menningarmiðstöð Borgarbókasafnsins í Úlfarsárdal, laugardaginn 2. mars 2024, þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. 50 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

### Hvað er það besta við Grafarholtið og Úlfarsárdalinn?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Mikil ánægja var meðal gesta um nálægð við náttúru í hverfinu og nefndu gestir þar á meðal Úlfarsfellið, Reynisvatn og Hólmsheiði. Einnig var mikil ánægja með menningarmiðstöðina, bókasafnið og opnunartíma þess og sundlaugin. Þá voru gestir ánægðir með íþróttastarf í hverfinu, Framsvæðið og að boðið væri upp á íþróttir fyrir 60 ára og eldri.

Orðaský fundargesta:

Mentimeter

## Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

51 responses



### Hvað má bæta í Grafarholti og Úlfarsárdal?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

